

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Norðurþingi.

Iðnaðarsvæði (I5) og sorpförgunarsvæði (S2) að Kaldbak á Húsavík og deiliskipulag íbúðarsvæðis í Reitnum á Húsavík (Í5).

Á fundi byggðarráðs Norðurþings 18. ágúst 2016 var samþykkt tillaga að nýju deiliskipulagi iðnaðarsvæðis I5 og sorpförgunarsvæðis S2 við Kaldbak á Húsavík. Skipulagið er sett fram á einu blaði í blaðstærð A1 auk greinargerðar á sama blaði. Nýtt deiliskipulag felur í sér breytingar á afmörkun skipulagssvæðis frá áður gildandi deiliskipulagi, breytt gatnakerfi og fjölgun byggingarlóða. Skilgreindur er byggingarréttur inn á hverja lóð þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu hefðbundins iðnaðarhúsnæðis. Við gildistöku deiliskipulagsins fellur úr gildi eldra deiliskipulag sama svæðis frá júlí 1997.

Á fundi byggðarráðs Norðurþings þann 18. ágúst 2016 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi íbúðarsvæðis (Í5) í Reitnum á Húsavík. Deiliskipulagið er sett fram á uppdrætti í blaðstærð A1 auk greinargerðar í A4 hefti. Á deiliskipulaginu eru skilgreindar nýjar byggingarlóðir og skilgreindur byggingarréttur fyrir nýjar og þegar byggðar lóðir innan skipulagssvæðis.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Húsavík, 10. nóvember 2016.

Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 24. nóvember 2016